STJÓRNARTÍÐINDI B 84 – 2005

1. júlí 2005 1481 Nr. 657

REGLUGERÐ

um bann við kolmunnaveiðum austan Þórsbanka.

1. gr.

Frá og með 8. júlí 2005, eru allar veiðar á kolmunna bannaðar austan Þórsbanka á svæði sem markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 64° 37′00 N – 09° 50′00 V
2. 64° 04′00 N – 09° 50′00 V
3. 64° 04′00 N – 10° 20′00 V
4. 64° 37′00 N – 10° 20′00 V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 1. júlí 2005.

F. h. r.
Þórður Eyþórsson.

Steinar I. Matthíasson.

Stjórnartíðindi B 84, nr. 657. Útgáfudagur 7. júlí 2005.

B 95
Gutenberg